

3. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til skipa Landhelgisgæslu Íslands. Stjórn Landhelgisgæslunnar ber þó að sjá til þess að skipin séu í höfn ef þau hafa ekki aðkallandi verkefnum að gegna að hennar mati.

4. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal skipuleggja rannsóknaleiðangra þannig að skip geti leitað hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láti ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

5. gr.

Öll fiskiskip skulu liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu við skipið eftir kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag nema öryggi þess sé í hættu.

Ákvæði 1. mgr. eru frávikjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlenda markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar.

6. gr.

Útgerðarmaður og skipstjóri bera ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum laga þessara. Bret gegn lögnum varða sektum í ríkissjóð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann. Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af því gasolíuverði í birgðum olíufélaganna sem olíuverðsákvörðun miðast við hverju sinni.

Skiptahlutfallið skal hækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 bandaríkjadala lækkun á birgðaverði gasolíu niður fyrir 109 bandaríkjadali á tonn fob en lækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 133 bandaríkjadali á tonn fob. Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti. Breytingar á gasolíuverði til fiskiskipa skulu miðast við mánaðamót.

Frá og með 1. júní 1987 skal skiptaverðmæti skv. 1. másl. 1. mgr. hækka í 76% af heildaraflaverðmæti. Frá sama tíma breytist viðmiðun til lækkunar skiptaverðmætishlutfalls skv. 3. másl. 1. mgr. á þann hátt að hlutfallstalan lækki um eitt prósentustig fyrir hverja 12 bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 145 bandaríkjadali á tonn fob.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Pegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði skal draga frá heildarverðmæti flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við söluna erlendis annan en umboðslaun. Skiptaverðmæti skal vera 76% af þannig ákveðnu söluverði með þeim breytingum til hækkunar eða lækkunar sem kveðið er á um í 1. gr.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Pegar seldur er afli fiskiskips sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

Pegar seldur er afli fiskiskips sem frystir rækju um borð er skiptaverðmætið 71,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 66% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

Skiptahlutfallið skal hækka eða lækka um hálf prósentustig fyrir hvert eitt prósentustig sem skiptahlutfallið breytist til hækkunar eða lækkunar skv. 1. og 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Ákvæði 1. og 3. gr. laga þessara öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá 15. janúar 1987. Ákvæði 2. gr. öðlast gildi 1. júní 1987, en fram til þess tíma gildir ákvæði 3. gr. laga nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Gjört í Reykjavík, 24. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.